

## **Umsögn smábátafélagsins Hrollaugs á Höfn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum (Atvinnu og byggðarkvótar o.fl. )**

### **Inngangur**

Frumvarp þetta er með öllu alger hrákasmið, enn eitt villuljósið sem þjóðinni er boðið upp á og alls ekki hannað með almannahagsmunum í huga. Hér er á ferðinni enn eitt frumvarpið sem miðar að því að færa arðsemi sjávarútvegsauðlindarinnar frá þjóðinni og byggðunum í hendur stærstu handhafa aflaheimilda í landinu. Frumvarpið hvetur til áframhaldandi samþjöppunar aflaheimilda og tryggir ságreifum hámarks arðsemi í gegnum leiguframsalsrétt þeirra umfram aflaheimilda sem þeir hafa komist yfir í gegnum tíðina og veiða ekki sjálfir.

Frumvarpið brýtur líklega samkeppnislög og jafnræðisreglur sem sýnt er fram á í umsögn þessari. Líklega hefur byggðarkvótakerfið brotið þau lög og reglur frá upphafi og því er kominn tími til að leggja byggðarkvótakerfið alfarið niður og nýta þær heimildir sem þar hafa verið settar til almennrar uppbyggingar í gegnum strandveiðikerfið sem er það kerfi sem þjóðin óskar sér en er vísvitandi svelt af aflaheimildum. Byggðarkvótakerfið hefur verið annsi lengi við lýði en kerfið hefur ekki gert nokkurn skapaðan hlut fyrir þær byggðir sem fengið hafa til sín þær heimildir vegna þess að arðsemin í kerfinu er flutt í aðra vasa jafnvel áður en nýting byggðarkvótaheimildana er hafin. Talað er um innan þeirra byggða þar sem laxeldi er í uppbyggingu að hvert tonn af slátruðum laxi sé notað sem mótframlag við byggðarkvóta. Það er ekkert eðlilegt við það. Frumvarpinu er ætlað að tryggja handhöfum aflaheimilda þennan fyrirsjáanleika til 6 ára og þar með halda þjóðinni og almannahag frá nýtingu sinna eigin auðlinda að minnsta kosti næstu 6 árin. Það sér hver maður hvers vegna 6 ár eru notuð því sjávarútvegsráðherra reiknar ekki með að hans flokkur verði í ríkistjórn á næsta kjörtímabili heldur reiknar hann með að hann verði það eftir um það bil 6 ár og geti þá haldið áfram auðlindaþjófnaðnum frá þjóðinni almannahag til óheilla og sérhagsmunum til heilla.

Auðlindaþjófnaður er ekkert annað en landráð og landráð er glæpur. Strandveiðikerfið er það kerfi þar sem almannahagsmunir liggja og enginn svokallaður ságreifi hefur komist með klærnar og puttana í til misnotkunar eða arðráns. Aldrei hefur ásókn til strandveiða verið meiri en 2020 sem sýnir þörf þjóðarinnar á eflingu kerfisins. Um 700 bátar stunduðu þessar veiðar 2020 og fjölguninni ber að fagna því það þýðir aukningu á störfum og mikins áhuga þjóðarinnar á því að hér verði eitt öflugt strandveiðikerfi. Þjóðin ætti að setja sér markmið um að minnsta kosti 1200 til 1500 bátar myndu vilja vera í þessu kerfi almannahag til heilla.

Strandveiðikerfið er almennt kerfi til uppbyggingar atvinnu allt í kringum landið og hefur sannað sig sem slíkt, kerfi sem virðir mannréttindi og kerfi sem veitir þjóðinni jafnt aðgengi að nýtingu sinna eigin auðlinda hvar á landinu sem þau búa en ekki bara einhverjum útvöldum ságreifum sem sjúga arðsemi auðlindarinnar burt úr byggðum landsins og frá þjóðinni og fara jafnvel með arðinn úr landi við fyrsta tækifæri. Það eru mannréttindi þjóðarinnar að hafa mannsæmandi nýtingarrétt á auðlindum sínum og mannréttindi og almannahagsmunir er það sem þeir sem kostnir eru til alþingis eiga að vera að vinna að og engu öðru. Það kemur ekki á óvart að í frumvarpi þessu er ætlun sjávarútvegsráðherra að koma í veg fyrir þá eflingu sem þjóðin hefur óskað eftir á strandveiðikerfinu allt í kringum landið og eru almannahagsmunir. Vitnum við hér í skýrslu byggðarstofnunar á könnun

„Útekt á strandveiðikerfinu haustið 2019“ á meðal strandveiðimanna. Þar kemur glöggt fram hvernig þjóðin vill nýta þær 5,3% heimildir sem ríkið hefur yfir að ráða. Þjóðin vill allar þessar heimildir til strandveiða vegna þess að það kerfi hefur aldrei verið elft með mannsæmandi hætti þó þjóðin óski eftir því á hverju einasta ári vegna þess að það er mikil þörf á því. Þörfin á eflingu strandveiðikerfisins liggur alveg ljós fyrir og það liggur alveg ljóst fyrir hvernig á gera það og hvernig þjóðin vill að kerfið verði úr garði gjört svo það virði mannréttindi og nýtist almannahag og byggðum landsins til fullnustu við atvinnuuppbyggingu allt í kringum landið þjóðinni og almannahag til heilla. Þjóðin vill fá hið mynnsta tryggða 48 róðradaga á ári og þjóðin á að fá allt árið til þess að nýta sína daga innan strandveiða svo að allir sem í því kerfi vilja starfa njóti sannmælis og að fiskur verði veiddur á þeirra heimaslóð þegar hann er þar, og þegar hann er sem verðmætastur fyrir land, byggðir og þjóð. Þannig tryggjum við hámarks verðmætsköpun við veiðarnar, dreifða nýtingu fiskimiða, öflugna atvinnuuppbyggingu og að arðurinn verður eftir í héraði hjá fólkinu sem þar býr í hinum dreifðu byggðum sem getur svo nýtt hann til áframhaldandi uppbyggingar á sinni heimaslóð. Öll lög um bætur frá þjóðinni til þeirra sem á aflaheimildum halda á að afnema eða hið mynnsta að hanna þannig að hafið verði yfir allan vafa að þjóðin sé ekki bótaskild til þeirra sem hafa yfir að ráða aflaheimildum eða bótaskild til þeirra sem telja sig eiga samkvæmt lögum að fá úthlutaðar heimildir sér til einkanota vegna einhverskonar ágalla í fiskveiðilögum. Bregðist fiskimið er það útgerðarmannsins að taka það áfall en þjóðin á ekki að þurfa koma með bætur handa viðkomandi. Nægt er hið almenna áfall um brostinn fiskimið fyrir þjóðina. Byggðarkvóti, sértækur byggðarkvóti, skelbætur, rækjubætur, hlutdeild til að bregðast við áföllum er ekkert annað en úr sér genging fiskveiðistjórn og sýnir að ekki er verið að hugsa um almannahag heldur bara arðsemi einstakra sægreifa. Flækjustig fiskveiðikerfisins nær nýjum hæðum í frumvarpi þessu og gloppur og göt munu sjá til þess að arðurinn verður allur dreginn frá byggðum landsins í vasa örfárra sægreifa. Halda á þjóðinni frá sínum eigin auðlindum í stað þess að lýta til frábærrar framtistöðu nágrannaríkja okkar t.d eins og í noregi við nýtingu sinna auðlinda Norskri þjóð og almannahag til heilla.

### **Brotnar byggðir**

Skilgreina þarf hvað er brotin byggð og hvað ekki með raunsæum hætti. Fjöldi íbúa í hverri byggð hefur ekkert um það að segja hvort byggð sé brotin eða ekki. Það eru atvinnuleysistölur hvernar byggðar sem gefur raunverulega þá stöðu sem byggðin er í. Það er að segja raunverulegar atvinnuleysistölur á fólki sem leitar sér vinnu en finnur hana ekki að frádregnum þeim sem eru atvinnulausir af því þeir nenna ekki að vinna. Ef byggðir liggja þétt saman eins og víða þá stundar fólk atvinnu jafnvel í næsta byggðarlagi við sína heimabyggð. Vegalengdirnar sem fólk ferðast til vinnu eru oftast en ekki styttri sem þetta fólk ferðast en það fólk sem stundar atvinnu innan höfuðborgarsvæðisins. Brottnar byggðir þarf að skilgreina upp á nýtt svo hafið sé yfir allan vafa hvað sé brotin byggð og hvað ekki.

### **Byggðarkvóti**

Byggðarkvóti eða sértækur byggðarkvóti er ekki sá bjargvættur byggða sem nafnið gefur til kynna á að hann sé og hefur aldrei verið. Hann er villuljós eins og notað var fyrr á öldum til þess að villa um fyrir sæfarendum og koma þeim í strand. Það er vegna þess að arðsemin úr

Þessu kerfi rennur allur í sömu hendurnar. Hendur núverandi sægreifa, stórútgerða og þeirra sem á aflaheimildum þjóðarinnar halda. Fjöldmörg dæmi eru um að byggðarkvóti sé veiddur og unnin af útgerðarissum í kringum landið en fer ekki til þeirra sem raunverulega þurfa á honum að halda og það má flokka sem sóun á nýtingu aflaheimilda. Byggðarkvótinn hefur skapað hér mjög óheilbryggt umhverfi innan fiskveiðistjórnunarkerfisins. Byggðarkvótakerfið er það sem heldur uppi eftirspurn á leigukvóta af kvótagreifum og þar með mjög háu leiguverði aflaheimilda í landinu. Ef þú átt ekki kvóta þarft þú að leigja til þín 2 til 3 tonn af þorski á móti hverju tonni sem þú færð í byggðarkvóta. Þannig rennur arðurinn úr byggðarkvótakerfinu og byggðunum til sægreifa sem búa yfirleitt ekki í hinum brotnu byggðum. Arðsemin er söguð út úr kerfinu strax þegar sægreifinn fær sitt háa verð sem leigusali aflaheimilda. Það myndast hvati í fiskveiðikerfinu fyrir sægreifa að þjappa saman aflaheimildum og komast yfir meira af heimildir en þeir þurfa til eigin veiða vegna þess að mikil eftirspurn er eftir því að leigja af þeim heimildirnar á háu verði til að kvótalausir geti fengið byggðarkvóta á móti leigðum heimildum. Verð á leigðum heimildum hækkar og lítið sem ekkert fæst fyrir að veiða þær fyrir það eitt að fá byggðarkvóta á móti. Þeir sem eiga aflaheimildir þurfa ekki að leigja til sín heimildir af sægreifum heldur velja sér bara löndunarhöfn þar sem lýklegt er að mikils byggðarkvóta sé að vænta á móti sínum eigin og taka svo alla arðsemi úr byggðunum heim til sín hvar í heiminum sem þeir búa. Arðurinn fer allur úr byggðarlaginu og heim til sægreifans þar sem hann býr. Allt er þetta á sömu höndina, sægreifinn græðir en aðrir ekki. Innbyggði hvatinn sem búin er til með byggðarkvótakerfinu til þess að leigja af sægreifum eru mörg þúsundir tonna af þorski á ári og þetta drífur leigumarkað með aflaheimildir á Íslandi af sægreifum sem eiga orðið miklu meira af heimildum en þeir þurfa til eigin veiða og þar með talið verð á þeim. Arðurinn fer til sægreifans sem býr bara þar sem hann vill í heiminum og leigir frá sér aflaheimildirnar en verður ekki eftir í byggðarlaginu sem hjálpa átti. Meðal annars vegna þessa sem upp er talið mun byggðarkvótinn aldrei hjálpa þessum byggðum vegna þess að arðsemin er tekinn burt af staðnum jafn óðum af fólki sem ekki er með fasta búsetu á svæðinu. Engin arðsemi verður eftir í byggðunum og þess vegna eru þessar brotnu byggðir alltaf brotnar byggðir því engin arðsemi innan byggðarlagsins þýðir engin raunveruleg uppbygging innan byggðarlagsins.

### **Stenst byggðarkvótakerfið samkeppnis lög og jafnræðisregluna?**

Spurning er hvort byggðarkvóti standist samkeppnislög og jafnræðisreglur. Það verður að fá úr því skorið hjá samkeppniseftirlitinu strax. Ef ekki mun þjóðin krefjast þess og leita sjálf til viðkomandi yfirvalda til að fá úr því skorið. Þeir sem fá úthlutaðan byggðarkvóta halda uppi eftirspurn eftir leigðum aflaheimildum í fiskveiðikerfinu af útgerðarmönnum sem eru komnir með allt of mikið af heimildum en þeir nota sjálfir til eigin veiða. Allt í kringum landið eru svo kvótalausar útgerðir sem þurfa að leigja til sín aflaheimildir á allt of háu verði vegna eftirspurnar frá útgerðum sem leigja til sín aflaheimildir og fá byggðarkvóta á móti þeim heimildum. Þetta veldur því að sá sem gerir út kvótaausan bát og fær ekki byggðarkvóta stendur ekki jafnfætis þeim sem gerir út kvótaausan bát og fær byggðarkvóta þegar aflaheimildir eru leigðar. Þannig er samkeppni um leigðar aflaheimildir skökk og þeim sem fær byggðarkvóta veitt samkeppnisforskot á að leigja til sín aflaheimildir vegna þess að hann fær byggðarkvóta á móti þeim heimildum en hinn aðilinn ekki. Verðið á leigu heimildum

spennist upp úr öllu valdi og er svona hátt sem það er vegna mikillar eftirspurnar frá útgerðum sem þiggja byggðarkvóta. Ef byggðarkvóti væri hér ekki stæðu allir kvótalausar útgerðir jafnfætis samkeppnislega þegar þær leigja til sín aflaheimildir af sægreifum og verð á leigðum heimildum myndi lækka gríðarlega. Sé þetta brot á samkeppnislögum og jafnræðisreglum sem það lýtur út fyrir að vera þá er þetta alvarlegt brot.

### **Vinnsla á byggðarkvóta heima í héraði .**

Skilirt er að byggðarkvóti og heimildir á móti byggðarkvóta sé unnið í fiskvinnlum á þeim stöðum þar sem byggðarkvóta er úthlutað en þó með hugsanlegum undantekningum. Hefur það verið raunin í nýtingu byggðarkvótans? Áður en sett eru lög og reglur um hvernig skuli vinna þann afla sem úr byggðarkvótakerfinu kemur þarf að liggja skýrt fyrir hvað sé fiskvinnsla og hvað ekki og hvernig við sköpum virðisauka í sjávarafurðir.

### **Hvað er fiskvinnsla ?**

#### **Skilgreina þarf hvað sé fiskvinnsla og hvað ekki.**

- Er það fiskvinnsla ef fiskur er tekinn úr bát og honum keyrt í gegnum einar dyr á fiskvinnsluhúsi og út um aðrar?
- Er nóg að slægja fisk inni í húsi til að kalla það fiskvinnslu?
- Er nóg að ísa yfir landaðan fisk inni í fiskvinnsluhúsi til að það kallist fiskvinnsla?
- Er nóg að flaka fisk og setja hann svo í stórar umbúðir sem fara svo út í heim í áframhaldandi virðisaukandi ferla þar til hann kemst til neytenda.

Fiskvinnsla er matvælavinnsla sem hlýtur að hafa það að markmiði að hámarka virði þess hráefnis sem í gegnum vinnsluna fer. Það þarf að setja sem algjört skilirði að að allar þær fiskvinnslur sem taka á móti byggðarkvóta fullvinni fiskinn heima í héraði svo að verðmætin og virðisaukinn verði eftir þar. Annað er sóun á verðmætasköpunarmöguleikum byggðana og þjóðarinnar og tækifærum hina brotnu byggðana til þess að skapa sér störf og arðsemi úr byggðarkvótanum til áframhaldandi uppbyggingar. Fiskur fer í gegnum mismunandi virðisaukandi ferla á leið sinni í gegnum fiskvinnslur og þeim mun fleiri virðisaukandi ferlar sem fiskurinn fer í gegnum í vinnslunum þeim mun meiri arðsemi er að vænta af hverjum og einum veiddum fiski. Lokaafurðin á alltaf að vera tilbúin afurð á disk neytendans svo að ekki verði eftir ónýttir virðisaukandi ferlar til þess að auka virði afurðana sem jafnvel er gert í vinnslum einhverstaðar úti í heimi. Í raun og veru ætti hér að setja lög í landinu á allan fisk sem veiddur er hér við land að hann meigi ekki fara úr landinu nema sem fullunnin vara. Þannig verður virðisaukinn eftir hér á landi en ekki búin til handa öðrum þjóðum til að skapa sér. Þannig hámarkum við arðsemi á nýtingu á okkar eigin auðlindum landi og þjóð til mikillar heilla. Þekking og reynsla þarf að vera til staðar allt í kringum landið til þess að framkvæma þetta, og ekki síst þarf að vera til þekking á þeim ferlum afurðana sem ekki skapa virðisauka í vörurnar og þeim ferlum þarf að útrýma á sama tíma svo að þeir ferla éti ekki upp alla arðsemi í virðisaukandi ferlum vörunar. Arðbær fiskvinnsla er nefninlega eitthvað sem þarf mikla þekkingu og reynslu til.

## Hverjir manna svo þessi störf?

Skilirði ætti að setja á allar þær byggðir sem ætlaður er byggðarkvóta að fólk með fasta búsetu á staðnum vinni við veiðar og vinnslu byggðarkvótans og eigi með öllu þær vinnslur og skip sem notuð eru við veiðar og vinnslu innan hérðsins. Annars er þetta bara ætlað núverandi ságreifum til að mjólka arðsemina burtu af svæðinu sem það gerir í núverandi mynd. Fáist heimamenn ekki til þess þá þarfnast byggðin ekki byggðarkvótans. Fjölmörg dæmi eru um að sett sé upp einskona fiskvinnsla þar sem fiskur fer í gegn, jafnvel í sama formi og hann kemur upp úr skipi. Fiskurinn er alls ekki fullunnin og tilbúin á disk neytenda í þessum byggðum og nánast enginn heimamaður vinnur hvorki veiðarnar né vinnslurnar og fæst ekki til þess. Flytja þarf inn aðkomufólk á staðina til þess að manna þessi störf því heimamenn annað hvort vilja ekki vinna við þetta eða eru bara í öðrum störfum. Það skapar engin verðmæti innan héraðs að flytja inn aðkomufólk til þess að starfa við veiðar og vinnslu á byggðarkvóta á skipum og í vinnslum sem eru jafnvel ekki í raunverulegri eigu raunverulegra heimamanna. Sama sagan, arðsemin fer eitthvað annað en til hinna brotnu byggða. Fyrir hvern er þetta þá gert? Þetta er nefninlega sér hannað kerfi fyrir núverandi handhafa aflaheimilda „ságreifa „ til þess að sjúga til sín alla mögulega arðsemi sem byggðarkvótinn gæti skilað viðkomandi byggðum. Raunverulegar fiskvinnslur sem vinna fisk í gegnum alla þá ferla sem hámarka vermæti hans þurfa ekki að vera í hverju þorpi á Íslandi, þær eiga bara að vera þar sem mannauður til þess er, þekking og reynsla er til staðar. Veiðarnar geta hinsvegar verið stundaðar allstaðar þar sem fiskur gengur allt í kringum landið og allir staðir í kringum landið liggja vel við fiskimiðum en fiskimiðin eru arðbær á mismunandi tímum eftir svæðum.

Það liggur algerlega fyrir að byggðarkvótakerfið er ekki að skila byggðum þeim ávinningi og arðsemi sem það ætti að gera. Byggðarkvótakerfið er pólitískt kerfi sem auðvelt er að misnota og það er gert. Slík kerfi eiga ekki að eiga heima innan auðlindanýtingar Íslendinga og það eru ekki almannahagsmunir að slíkt kerfi sé við lýði innan fiskveiðistjórnunar Íslendinga. Arðsemin fer öll annað og mest í hendur þeirra sem nú þegar halda á miklum aflaheimildum og til þeirra sem skapa aukið virði í þær afurðir sem úr byggðarkvóta koma sem oftast en ekki er skapað í öðrum löndum en á Íslandi. Þetta kerfi á að leggja niður strax og allar heimildir innan þess að vera settar í strandveiðikerfið sem hefur sínt sig sem kerfi sem skapar störf innan héraðana sem unnin eru af heimafólki byggðana og eflir þær. Enginn ságreifi tekur arðsemina úr strandveiðikerfinu heldur verður hún eftir heima í héraði til áframhaldandi uppbyggingar.

## Fiskmarkaðir

Fiskmarkaðir er það eina sem gefur rétta verðmyndun á veiddu sjávarfangi. Allur fiskur sama úr hvaða kerfi hann er veiddur í ætti að skylda til þess að vera settur á frjálsan fiskmarkað. Þannig myndast réttur samkeppnisgrundvöllur fyrir fiskvinnslur um veitt sjávarfang. Hæsta mögulega verð verður alltaf greitt til skipa en ekki fyrirfram ákveðin verð sem erfitt er að sjá í gegnum. Allt sjávarfang sem fer svo í gegnum þessa markaði á svo að vera selt til fullvinnslu á afurðum innanlands og það sem fullbúin vara með hámarks virðisauka út úr landinu. Þannig sköpum við hámarks arðsemi á auðlindir okkar. Störf á fiskmörkuðum í

kringum landið eru líka fjölmörg sem myndu aukast en meira ef allur fiskur færi á markað. Á hverju ári þá fer minna og minna af sjávarfangi í gegnum markaðina sem getur ekki talist eðlileg þróun ef við miðum okkur við eðlilegt markaðshagkerfi. Allan fisk á markað og síðan í fullvinnslu innanlands ætti að vera takmark hvernar þjóðar sem vill hámarka virði sinna eigin auðlinda.

### **Varasjóður með aflaheimildir**

Hér er enn ein leiðin sem mun draga arðsemina beint til einstakra sægreifa hvar sem þeir búa. Nú er ríkið að veita einkafyrirtækjum fleiri milljarða í aðstoð vegna kreppuástands í heiminum. Í stað þess að hafa hér í frumvarpi þessu aflaheimildir sem varasjóð sem mun bara enda í vösum sömu handhafa aflaheimilda í dag eins og í byggðarkvótakerfinu á ríkið að setja beinharða styrki til byggða þessa lands sem orðið hafa fyrir áföllum. Ríkið réttlætir að moka skattpeningum inn í einkafyrirtæki vegna kreppuástands í dag. Það er enþá meira réttlætig fólgin í því að setja þessa peninga beint inn í þær byggðir sem orðið hafa fyrir áföllum. Þar munu þeir raunverulega nýttast samfélögum til atvinnubyggingar en ekki einstaka hluthöfum einkafyrirtækja eins og gert er í dag. Það að ætla að nota til þess aflaheimildir er villuljós fyrir þjóðina þar sem allur arður þess varasjóðs mun renna í hendur handhafa aflaheimilda en ekki til hinna dreifðu byggða.

### **Umhverfisvænar veiðar**

Allar heimildir 5,3% hluteildar ríkisins ættu að vera nýttar á sem umhverfisvænasta hátt fyrir land og þjóð og heimsbyggðina alla. Umhverfisvænustu veiðar sem stundaðar eru á Íslandi eru handfæraveiðar og þær veiðar eru einmitt skilríði innan strandveiðikerfisins. Þegar bátur stundar handfæraveiðar hefur hann slökkt á vélum skipsins og notar eingöngu rafmagn til veiðana. Vélarafli nýtir bátur á handfæraveiðum einungis til að koma sér til og frá höfn eða milli veiðisvæða. Langsamlega mesti tíminn af róðri hvers báts fer í veiðarnar sjálfar þar sem ekki er brenndur einn einasti líter af olíu. Þess má líka geta að við handfæraveiðar verður ekki mikil mengun til af veiðarfærum t.d eins og af heilu trolli sem eftir verður á hafsbotni, eða togveiðum sem skemma sjávarbotni. Línur eða drauganetum sem slitna niður og nást ekki upp sem drepa allan þann fisk þann tíma sem þau eru töpuð í sjó sem getur skipt áratugum. Nú ber ríkistjórnin sér reglulega á brjóst hversu umhverfisvæn hún er og hversu Ísland sé framarlega í loftslagsmálum og aðgerðum til að draga úr loftslagsmengun. Með því að setja allar heimildir innan 5,3% aflaheimilda ríkisins til strandveiða mun vera tyggt að þessar heimildir verði nýttar á sem umhverfisvænasta hátt sem mögulegt er að gera. Almannahag til heilla. Þá gæti Íslensk stjórnvöld sannarlega byrjað að berja sér á brjóst sem umhverfisvæn þjóð.

### **Öflugt Strandveiðikerfið. Kerfið sem þjóðin óskar eftir.**

Það liggur alveg ljóst fyrir í frumvarpi þessu að sjávarútvegráðherra ætlar að koma fram skemmdarverkum á strandveiðikerfinu þvert á óskir og vilja þjóðarinnar og þar með gegn almannahagsmunum. Miðað við heimildir sem ætlaðar eru í pottana á yfirstandandi fiskveiðarári hefðu þorskheimildir til strandveiða samkvæmt frumvarpinu orðið 9.274 tonn, en ekki 10.000 tonn eins og var 2020 og dugði ekki. Frumvarpið gerir ráð fyrir að veiðikerfi

strandveiða verði breytt og það verði eins og það var árið 2017. Aflaheimildum skipt milli landsvæða og á tímabil. Veiðar stöðvaðar innan tímabila þegar heimildum hefur verið náð. Þá er veiði hvers leyfishafa takmörkuð við 12 daga í hverjum mánuði en það var ekki takmarkað þannig 2017. Ráðherra getur breytt veiðisvæðum eftir eigin hentugleika! Ekkert er um það í lögnum hvernig veiðisvæðin muni líta út. Hvaða aðferðarfræði á að nota þegar áætla á aflamagn á hvert svæði. Eina sanngjarna og rétta aðferðarfræðin er auðvitað að notast engöngu við fjölda báta á hverju veiðisvæði og ekkert annað til að njóta sannmælis og jafnræðis. Hvað á að gera við heimildir sem myndu brenna inni ef einhver svæði næðu ekki heimildum sínum innan svæðana. Þetta eru ekki þær breytingar sem þjóðin hefur óskað eftir á strandveiðikerfinu heldur ganga þær beint gegn þeim. Þetta fer beint gegn þörfum byggða og almannahagsmunum sem eru hið minnsta 48 dagar á bát allt fiskveiðiárið eins og svo eftir hefur komið fram. Þessi skemmdarverk á almannahagsmunum ætlar hann að festa í sessi næstu 6 árin eða svo. Það er niðurskurður á heimildum til strandveiða í frumvarpi þessu en ekki aukning eins og þjóðin hefur óskað svo lengi eftir. Allar heimildir sem brenna inni innan 5,3% heimilda ríkisins eiga að renna til byggðarkvóta, villuljóss í íslenskum sjávarútvegi. Það kemur ekki á óvart því það kerfi er hannað fyrir núverandi handhafa aflaheimilda til að sjúga arðsemina burt frá fólkinu og byggðunum. Frumvarpið miðar að því að færa þróun strandveiða til baka í fyrra horf sem er ekki það sem þjóðin óskar sér, „sjá könnun byggðarstofnunar um strandveiðikerfið“ sem framkvæmd var á meðal strandveiðimanna og hagsmunaaðlia árið 2019. Könnunin gefur skýrt til kynna þarfir þjóðarinnar á öfluglu strandveiðikerfi og hvernig best sé að það sé hannað almannahagsmunum til heilla og þannig að það nýtist öllum lanshlutum á sem bestan og hagkvæmasta hátt fyrir land og þjóð. Í könnuninni kemur fram að það þurfi að tryggja hverjum einasta bát hið mynnsta 48 daga til róðra á ári og að þessa daga megi nýta þegar strandveiðisjómaðurinn kys sjálfur að gera það eins og gert er í öðrum fiskveiðikerfum. Það eru almannahagsmunir og sjálfsögð mannréttindi að fólkið í landinu hafi almennilegt aðgengi og góð tækifæri til þess að nýta sína eigin auðlind til atvinnuuppbyggingar. Strandveiðikerfið er trúlega eitt það allra besta sem komið hefur inn í Íslenskan sjávarútveg núna á síðari árum enda skref í átt að mannréttindum og sanngirnis þjóðinni til heilla. Það sýnir sig á hverju ári þegar um 700 strandveiðibátar halda til veiða hve eftirspurnin hjá þjóðinni er mikil eftir því að vinna í því kerfi. Kerfið er dreift allt í kringum landið, líka til hinna brotnu byggða. Enginn sægreifi getur misnotað kerfið og arðsemi veiðana verður allur eftir í heimabyggð, atvinnuuppbyggingu, almannahag og umhverfinu til heilla. Þetta er kerfið sem á að fá allar 5,3% heimildir sem ríkið hefur yfir að ráða til þess að þær verði nýttar almannahag til heilla og á sem umhverfissvænasta hátt en renni ekki til núverandi handhafa aflaheimilda sem draga arðsemina burt úr byggðunum. Séu heimildir innan 5,3% heimilda ríkisins meiri en geta strandveiðiflotans til að veiða á 48 róðrum á bát yfir árið á að auka við dagafjöldan þannig að heimildirnar verði allar nýttar til strandveiða og munu þá veiðidagarnir verða fleiri en 48. Oft hafa þingmenn og ráðherrar verið að skíla sér á bak við það að heimildir séu ekki fullnýttar innan kerfisins. Það skal heldur engan undrast hvers vegna það geti gerst. Í fyrsta lagi eru smábátar mjög háðir veðurfari en veðurfari er ekki mannana verk og ætti því að vera eina breytan sem stýrir því hvenær hægt er að róa. Nei kerfið er svo niður njörfað að það er beinlínist séð til þess með öllum þeim reglum innan kerfisins og takmörkunum að ekki náist alltaf að veiða það litla sem til er ætlað til veiðana. Hvers vegna skildi þjóðinni gert svona erfitt fyrir? Eru það

almannahagsmunir sem valda því. Nei aldeilis ekki! Þarna er verið að ganga erinda þeirra sem vilja ekki að þjóðin geti fengið mannsæmandi rétt á nýtingu sinna eigin auðlinda. Íslensk þjóð horfir löngunaraugum til nágranna ríkja okkar eins og t.d Noregs hvernig þeir virða mannréttindi og almannahagsmuni með því að veita sinni þjóð þann rétt sem hún á til þess að nýta sína eigin auðlind sjálf. Þar er nýliðun og atvinnusköpun í sjávarútvegi mikil og það er vegna þess að tækifærin eru mikil innan þeirrar fiskveiðistjórnunarkerfis fyrir hvern sem er að hefja þar útgerð og meira að segja stórútgerð Noregs styður þá stefnu því siðferði þeirra er svo langt um ofar en siðferði hins Íslenska sægreifa og stjórnámálanna. Einfalda á með öllu hvernig farið er með 5,3% heimildir þjóðarinnar sem ríkið heldur utan um og veita þeim inn í eitt einfalt kerfi sem eru strandveiðar. Það er það kerfi sem skilar almannahag mestum hagsmunum því það kerfi býr til raunveruleg störf í kringum landið, býr til raunveruleg tækifæri sem ekki er hægt að misnota og skilur arðsemina eftir hjá raunverulegum íbúum byggðana allt í kringum landið.

### **Svona á strandveiðikerfi íslenskrar fiskveiðiþjóðar að vera.**

- Allar heimildir 5,3% hlutans renni til strandveiða. Aðeins eitt kerfi verði sem noti þær almannahag, atvinnusköpun, umhverfinu, nýliðun og hinum dreifðu byggðum til heilla.
- Koma þarf algjörlega í veg fyrir að innan strandveiðikerfisins séu aðilar að gera út báta sem þeir róa ekki á sjálfir því strandveiðikerfið á að vera fyrir þá sem vilja róa sjálfir á sínum eigin bátum.
- Einn bátur, í öllum tilfellum sannarlegur og raunverulegur eigandi hans um borð.
- Allir dagar eiga að vera veiðidagar eins og í öðrum kerfum.
- Engin bátur hættir á strandveiðum nema hann óski þess sjálfur eða klári hið mynnsta sína 48 daga á veiðum.
- Fjölga á svo dögum ofan á 48 daga ef strandveiðibátar klára ekki að veiða upp þær 5,3% heimildir sem ætlaðr eru á 48 dögum eða þær heimildi settar ofan á dagafjölda næsta fiskveiðiárs.
- Hægt verði að færa heimildir úr 5,3% heimilda ríkisins á milli fiskveiðiára í sama hlutfalli og úr öðrum fiskveiðikerfum.
- Aflapak á dag í þorski má vera það sama og er í núverandi strandveiðikerfi að undanskildum Ufsa sem á að vera algerlega frjáls vegna vanýtingar hans innan fiskveiðikerfisins almennt.
- Aflaverðmæti ufsa renni 100% til útgerðar og af honum séu greidd veiðigjöld í samræmi við aðra útgerðarflokka
- Rúllufjöldi má vera 4 handfærarúllur eins og verið hefur.
- Auka á veiðigjald þjóðarinnar á nýtingu auðlindarinnar jafnt á strandveiðar og öðrum kerfum svo allir, hvar sem þeir eru í þjóðfélaginu muni njóta arðsemi auðlindanna.
- Strandveiðikerfið á að vera opið allt árið svo að samfélögin allt í kringum landið geti nýtt sín heimamið þegar verðmætur fiskur er á þeim svæðum.



Þetta er strandveiðikerfið sem þjóðin á skilið og er almannahaga til heilla og þjóðin kallar eftir. Atvinnuuppbygging mun hefjast um allt land og störf og arðsemi mun verða eftir í öllum byggðum í kringum landið sem er það sem við hljótum að vilja þjóð okkar. Mannréttindi munu verða virt og tækifæri þjóðrarinnar til nýtingu sinna eigin auðlinda (Lífsbjörgin) mun verða raunverulegt. Nýliðun í útgerð mun stóraukast og núverandi og komandi kynslóðum mun verða kleift að halda áfram atvinnubyggingu í sinni heimabyggð þjóðinni allri til heilla. Sátt mun skapast um fiskveiðistjórnunarkerfið á meðal þjóðarinnar og komandi kynslóðum verður gert kleift að nýta sér lífsbjörgina allt í kringum landið með raunverulegu og sanngjörnu tækifæri kjósi það að gera það. Í umsögn þessari hefur verið gerð grein fyrir áætlunum frumvarpsins og hvað þarf að gera til þess að almannahagsmunir muni alltaf og í öllum tilfellum verða ofan á. Staðreyndin er þessi, almannahagsmunir og vilji krefst þess að búið verið til eitt öflugt strandveiðikerfi með þeim aflaheimildum sem ríki hefur yfir að ráða en þær ekki nýttar til áframhaldandi arðsemis þjófnadar frá almenningi og byggðum allt í kringum landið af örfáum sægreifum. Eru stjórnvöld kanski hrædd við að efla byggðir landsins með öflugum strandveiðikerfi eða snýst þetta eflingarleysi kanski bar um eitthvað allt annað? Kanski um arðsemis og tækifæris þjófnad frá fólkinu í landinu. Fólkið í landinu býr við fordæmalausan ójöfnuð þegar kemur að nýtingu sinna eigin auðlinda og tækifæra í sjávarútvegi. Það er einmitt vegna þess sem við höfum hér brotnar byggðir og fátækt. Hvað gæti gerst með eflingu strandveiðikerfisins almannahag til heilla. Byggðir gætu jafnvel farið að dafna víða í kringum landið sem hlítur að vera skelfilegt í augum þeirra sem landinu stjórnar. Ungt fólk fengi alvöru tækifæri til þess að nýta auðlind sína, það hlýtur líka að vera skelfilegt. Atvinna myndi eflast allt í kringum landið svo um munar, það hlýtur líka að vera alveg hræðilegt. Umhverfið fengi að njóta vafans eins og það á alltaf að fá að gera. Ég skora hér með á þá stjórnámálmenn sem láta sér velferð þjóðarinnar að einhverju verða að efla strandveiðikerfið svo um munar og setja alla 5,3% heimildir þjóðarinnar til strandveiða , þjóðin á það skilið, byggðir landsins eiga það skilið og samfélögin þarfnast þess. Þjóðin hefur lengi kallað eftir því og þjóðarviljinn ræður.

**Fyrir Hönd Smábátafélagsins Hrollaugs á Hornafirði**

**Vigfús Ásbjörnsson Formaður**

**B.S. í Virðisikeðjustjórnun og Ferlahagfræði Via University í Danmörku.**